

## GJALDSKRÁ

**fyrir sorphreinsun og eyðingu sorps í Skorradalshreppi.**

1. gr.

Sveitarstjórn Skorradalshrepps er heimilt, í samræmi við 5. gr. samþykktar nr. 632/2000 um sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu), að leggja á sérstakt gjald vegna sorphreinsunar og eyðingar sorps í Skorradalshreppi.

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

Sorpgjald A	Lögbýli með búskap:	20.000 kr.
Sorpgjald B	Tjaldsvæði og önnur atvinnustarfsemi:	20.000 kr.
Sorpgjald C	Lögbýli án búskapar:	14.000 kr.
Sorpgjald D	Frístundahús, fullgerð og í byggingu samkvæmt FMR:	9.000 kr.
Sorpgjald E	Íbúðarhús:	14.000 kr.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Skorradalshrepps með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 625/2008 um sorpeyðingu í Skorradalshreppi.

Samþykkt í sveitarstjórn Skorradalshrepps 14. ágúst 2009.

*Grund, 26. ágúst 2009.*

**Davíð Pétursson** oddviti.

B-deild – Útgáfud.: 27. ágúst 2009